

# Stjórnarfundur 23. ágúst 2025

Siglingafélagið Vogur – Garðabæ

## Fundinn sátu

- Erlendur Kristjánsson – Formaður
- Katrín Guðmundsdóttir
- Helga Raket Guðrúnardóttir
- Friðbjörn Óskar Erlingsson
- Jón Víðir Þorsteinsson

## Dagskrá

1. Katrín sagði frá íbúa fundi í Garðabæ þar sem hún hafi spurst fyrir um bláa útivist. Í framhaldinu ræddu stjórnarmenn um mikilvægi félagsins fyrir útivistarmöguleika og almenningsípróttaiðkunar fyrir bæjarbúa ásamt hinu hefðbundna starfi fyrir börn og unglunga.
2. Rætt um fræðslukvöld í vetur í samstarfi við hin Siglingafélögin. Fundarmenn sammála um að félagið ætti að taka þátt í slíku samstarfi.
3. Rætt um Siglingaþing og að skoða þurfi hvort og hversu marga fulltrúa félagið hefur. Þarf að skoða betur.
4. Aðstöðumál:
  - a. Heitt vatn tengt en ekki komið kalt vatn, rafmagn og skólþ.
  - b. Eldhúsinnrétting komin en eftir að setja saman.
  - c. Lyklamál rædd og skipulag á þeim.
  - d. Bíða með fiskikör til að skola búnað og til baða þar til vatn er komið á.
5. Tveir Topaz bátar hafa verið í láni í sumar frá Ými. Rætt um hvenær bátum verði skilað yfir til Ýmis fyrir veturinn og að heyra í þeim hvenær kranadagur sé hjá þeim.
6. Vefsíða og samfélagsmiðlar:
  - a. Rætt um að endurteikna merki félagsins til að nota á vefsíðu.
  - b. Rætt um skipulag á vefsíðu, greiðslugátt fyrir félagsgjöld og annað skiplag. Helga og Friðbjörn ætla að hjálpast að við það.
  - c. Rætt um að skoða Facebook síður og hverjir eru með aðgang og fara betur yfir öll þau mál.
7. Félagsgjöld:

- a. Rætt um hvort innheimta ætti félagsgjöld í gegnum vefsíðu eða mögulega Abler. Ákveðið að tala við Garðabæ varðandi Abler áður en ákvörðun er tekin.
  - b. Rætt um að setja upp grunn að gjaldskrá fyrir félagið á vefsíðu s.s. aðstöðugjöld, geymslugjöld og iðkendagjöld. Einnig að bjóða upp á auðveldan leið fyrir fólk að styðja félagið.
8. Vinna áfram að hugmynd að skrifa í Garðapóstinn og spyrja hvort íbúar eigi gamlar myndir og sögur af starfi félagsins hér á árum áður. Þarf að setja upp google drif eða eitthvað slíkt svo fólk geti auðveldlega sent myndir og sögur inn.

Fundargerð ritaði: Helga